Seðlabanki Íslands

# Nýjar gengisvísitölur

Guðrún Yrsa Richter og Daníel Svavarsson
Málstofa í Seðlabanka Íslands
3. apríl 2007

# Inngangur

- Aðferðafræði við útreikning gjaldmiðlavoga var síðast endurskoðuð árið 1995 þegar tekin var upp breiðari gengisvísitala
- Upptaka verðbólgumarkmiðs þar sem áhersla er lögð á gengisbreytingar sem tæki aðlögunar gaf tilefni til að aðferðafræði við útreikning gengisvísitölu krónunnar yrði endurskoðuð
- Aðferðafræði við gerð gengisvísitalna víða erlendis hefur tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum

# Mismunandi tilgangur og sjónarmið við útreikning gengisvísitalna

- Sú aðferðafræði sem studdst var við hér áður sinnti að nokkru leyti þörfum peningastefnunnar fyrir kjölfestu í formi fastrar gengisviðmiðunar
- Gjaldmiðlakarfan var því samsett af gjaldmiðlum með stöðugt innra virði
- Eftir upptöku verðbólgumarkmiðs varð mikilvægara að gengisvísitalan þjóni þeim tilgangi að fylgjast með þróun samkeppnisstöðu landsins við útlönd sem og að greina áhrif gengisbreytinga á innlent verðlag

# Samanburður

| | *Reiknuð út frá:* | *Aðferðafræði síðast breytt* | *Fjöldi gjaldmiðla* | *Tíðni breytinga í vog nú* | *3. landa áhrif á vog* | *Annað* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ísland** | Vöru- og þjón-ustuviðskiptum | 1995 | 9 | Árlega - í júlí | Já (síðast uppfærð 1994) | Sömu gjaldmiðlar notaðir, vogum aðeins breytt |
| **Noregur** | Vöruviðskiptum | 2000 | 15 | Óbreytt síðan 2001 | ... | Stuðst við viðskiptavog frá OECD |
| **Svíþjóð** | Vöruviðskiptum og ferðamanna-iðnaði | 1992 | 10 | Hefur verið óbreytt síðan 1992 | Já | Vog frá IMF sem styðst við gögn frá árunum 1989-1999 |
| **Bretland** | Vöru- og þjón-ustuviðskiptum | 2005 | 15 | Árlega - á vorin | Já | 1% af inn- eða útflutningi |
| **Bandaríkin** | | | | | | |
| - Broad index | Vöruviðskiptum | 2003 | 26 | Árlega | Já | 0,5% af innflutningi eða útflutningi |
| - MCI | Vöruviðskiptum | 2003 | 7 | Árlega | Já | Gjaldmiðlar sem mikið er verslað með utan heimalands |
| - OITP index | Vöruviðskiptum | 2003 | 19 | Árlega | Já | Lönd í broad index sem ekki eru í MCI |
| **IMF** | Vöruviðskiptum og ferðamanna-iðnaði | 2001 | ... | Óreglulega - seinast liðu 10 ár á milli | Já | |
| **Nýja-Sjáland** | Vöruviðskiptum | 1999 | 5 | Árlega | Já | Vegur saman umfang vöruviðskipta og VLF viðkomandi lands |
| **BIS** | Vöruviðskiptum | 2006 | 52 | Óreglulega, síðast 2006 | Já | Nær yfir samtals 93% af heimsversluninni |

# Aðferðafræði gengisvísitölunnar fyrir breytingar

- Vægi hvers gjaldmiðils ákvarðað út frá hlutdeild viðkomandi lands eða gjaldmiðlasvæðis í vöru- og þjónustuviðskiptum almanaksárið áður
- Við mat á vöruviðskiptum var stuðst við landaskiptingu Hagstofunnar, þjónustuviðskipti voru hins vegar metin af Seðlabankanum
- Engin formleg regla um hvaða gjaldmiðla skyldi taka með við útreikning á voginni
- Vöruviðskiptum við lönd utan vogarinnar var skipt niður á fjóra gjaldmiðla eftir hlutfalli þeirra í SDR
- Viðskipti Austur-Evrópulanda sem gengið höfðu í Evrópusambandið voru talin með evrusvæðinu
- Tekið var tillit til svokallaðra þriðjulandaáhrifa þ.e. útflutningsvogin leiðrétt fyrir slíkum áhrifum

# Samanburður á vægi gjaldmiðla

| | *Seðlabanki Islands* | *IMF* |
|---|---|---|
| Bandaríkin | 23,03 | 12,52 |
| Kanada | 1,10 | 2,06 |
| Önnur lönd í Norður-Ameríku | 0,00 | 0,51 |
| **Norður-Ameríka** | 24,13 | 15,09 |
| Evrusvæðið | 41,14 | 31,64 |
| Bretland | 12,10 | 7,91 |
| Danmörk | 8,13 | 6,83 |
| Noregur | 6,04 | 4,58 |
| Rússland | 0,00 | 0,56 |
| Sviss | 1,21 | 1,04 |
| Svíþjóð | 3,87 | 4,85 |
| Önnur lönd í Evrópu | 0,00 | 3,75 |
| **Evrópa** | 72,49 | 61,16 |
| Japan | 3,38 | 6,94 |
| Kína | 0,00 | 2,610 |
| Önnur lönd í Asíu | 0,00 | 3,75 |
| **Asía** | 3,38 | 18,20 |
| **Suður-Ameríka** | 0,00 | 0,00 |
| **Afríka** | 0,00 | 1,68 |
| **Eyjaálfa** | 0,00 | 1,00 |

## Meðaltal þjónustu- og vöruviðskipta við Bandaríkin árið 2002




* 2002
**2004

*Heimildir:* OECD, Seðlabanki Íslands.

# Samanburður á landaskiptingu vöru- og þjónustuviðskipta

Samanburður á útflutningi vöru og þjónustu án ferðamannaiðnaðar[1]




1. Byggt á viðskiptum ársins 2004.
*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Samanburður á innflutningi vöru og þjónustu án ferðamannaiðnaðar[1]




1. Byggt á viðskiptum ársins 2004.
*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

# Skýrari markmið

- Tilgangur nýrra vísitalna:
  - Að vera mælikvarði á breytingar á samkeppnisstöðu til skamms tíma litið og til lengri tíma þegar þær eru notaðar til að meta raungengi
  - Að vera mælikvarði á verðlagsáhrif gengisbreytinga

# Nýjar gengisvísitölur

- A. Þröng vöruskiptavog: Reiknuð út frá vöruviðskiptum við öll lönd sem vega að minnsta kosti 1% í vöruviðskiptum Íslands
- B. Víð vöruskiptavog: Reiknuð út frá vöruviðskiptum við öll lönd sem vega að minnsta kosti 0,5% í vöruviðskiptum Íslands
- C. Þröng viðskiptavog: Eins og A, nema hvað einnig er tekið tillit til hlutfalls ferðamennsku í þjónustuviðskiptum. Skipting tekna af ferðamennsku er áætluð út frá landaskiptingu gistinátta erlendra ferðamanna á hótel og gistiheimilum, en gjöldin byggja á landaskiptingu kreditkortanotkunar Íslendinga erlendis.
- D. Víð viðskiptavog: Eins og B, nema tekið er tillit til ferðamennsku eins og í C.
- Í öllum fjórum vogum eru viðskipti við lönd sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði um 0,5% hlutfall í heildarviðskiptum í víðari vogunum eða 1% í þrengri vogunum með vægið núll. Inntaka og brottfall gjaldmiðla er miðuð við þriggja ára meðaltal vöruviðskipta. Þannig er komið í veg fyrir að oft þurfi að bæta gjaldmiðlum inn eða fella þá úr vogunum vegna árssveiflna í viðskiptum. Ekki er tekið tillit til þriðjulandaáhrifa í nýju vogunum.

# Helstu breytingar frá eldri gengisvog

- Fjórar vísitölur í stað einnar opinberrar gengisvísitölu
- Fyrirfram ákveðin regla við inntöku og brottnám gjaldmiðla í vísitölunum
  - Fleiri gjaldmiðlar í vísitölunni
- Breytt aðferðafræði við mat á þjónustuviðskiptum
- Ekki tekið tillit til þriðjalandaáhrifa

# Nýju vogirnar

| | *Eldri gengis-skráningarvog (%)* | *Þröng vöru-skiptavog (1%) 2006 Meðaltal* | *Víð vöru-skiptavog (0,5%) 2006 Meðaltal* | *Þröng viðskiptavog (1%) 2006 Meðaltal* | *Víð viðskipta-vog (0,5%) 2006 Meðaltal* | *Þjónustu-viðskiptavog 2006 Meðaltal* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bandaríkin | 23,03 | 9,80 | 9,38 | 10,91 | 10,53 | 18,71 |
| Kanada | 1,10 | 1,39 | 1,33 | 1,35 | 1,30 | 1,09 |
| **Norður-Ameríka** | 24,13 | 11,2 | 10,7 | 12,26 | 11,83 | 19,80 |
| Evrusvæði | 41,14 | 44,81 | 42,91 | 43,59 | 41,89 | 34,10 |
| Bretland | 12,10 | 12,84 | 12,32 | 13,64 | 13,17 | 18,05 |
| Danmörk | 8,13 | 7,17 | 6,85 | 8,24 | 7,96 | 15,35 |
| Noregur | 6,04 | 5,40 | 5,15 | 5,11 | 4,89 | 3,98 |
| Rússland | | 1,04 | 1,00 | 0,94 | 0,90 | |
| Sviss | 1,21 | 1,62 | 1,55 | 1,59 | 1,53 | 1,75 |
| Svíþjóð | 3,87 | 5,36 | 5,11 | 5,22 | 5,00 | 5,76 |
| Pólland | | 1,97 | 1,89 | 1,76 | 1,69 | |
| Eistland | | 0,51 | 0,49 | 0,44 | 0,42 | |
| Lettland | | | 0,48 | | 0,42 | |
| Litháen | | | 1,48 | | 1,32 | |
| **Evrópa** | 72,49 | 80,7 | 79,2 | 80,52 | 79,18 | 78,98 |
| Japan | 3,38 | 4,72 | 4,51 | 4,28 | 4,09 | 1,22 |
| Kína | | 3,37 | 3,21 | 2,94 | 2,80 | |
| Taívan | | | 0,43 | | 0,38 | |
| Suður Kórea | | | 0,75 | | 0,65 | |
| **Asía** | | 8,1 | 8,9 | 7,21 | 7,92 | 1,22 |
| Súrinam | | | 0,32 | | 0,28 | |
| Nígería | | | 0,86 | | 0,80 | |

# Samanburður við vog Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

| | *Seðlabanki Islands* | *IMF* | *Við viðskiptavog* |
|---|---|---|---|
| Bandaríkin | 23,03 | 12,52 | 10,53 |
| Kanada | 1,10 | 2,06 | 1,30 |
| Önnur lönd í Norður-Ameríku | 0,00 | 0,51 | 0,00 |
| **Norður-Ameríka** | 24,13 | 15,09 | 11,83 |
| Evrusvæðið | 41,14 | 31,64 | 41,89 |
| Bretland | 12,10 | 7,91 | 13,17 |
| Danmörk | 8,13 | 6,83 | 7,96 |
| Noregur | 6,04 | 4,58 | 4,89 |
| Rússland | 0,00 | 0,56 | 0,90 |
| Sviss | 1,21 | 1,04 | 1,53 |
| Svíþjóð | 3,87 | 4,85 | 5,00 |
| Önnur lönd í Evrópu | 0,00 | 3,75 | 3,85 |
| **Evrópa** | 72,49 | 61,16 | 79,19 |
| Japan | 3,38 | 6,94 | 4,09 |
| Kína | 0,00 | 2,61 | 2,80 |
| Önnur lönd í Asíu | 0,00 | 3,75 | 1,03 |
| **Asía** | 3,38 | 18,20 | 7,92 |
| **Suður-Ameríka** | 0,00 | 0,00 | 0,80 |
| **Afríka** | 0,00 | 1,68 | 0,00 |
| **Eyjaálfa** | 0,00 | 1,00 | 0,00 |

# Samanburður á gengisþróun

## Samanburður á vísitölu gengisskráningar og nýjum gengisvísitölum

September 1995 - maí 2006




Breiðari vísitala

Þrengri vísitala

Gengisvísitala

*Heimildir:* Reuters EcoWin, Seðlabanki Íslands.

## Mismunur vísitölu gengisskráningar og nýrra gengisvísitalna í samanburði við gengi Bandaríkjadal

September 1995 - maí 2006




USD/EUR (h. ás)

Mismunur vísitölu gengisskráningar og nýrrar breiðrar vísitölu (v.ás)

Mismunur vísitölu gengisskráningar og nýrrar þrengri vísitölu (v.ás)

*Heimild*: Seðlabanki Íslands.